



Hringssjá

Náms- og starfsendurhæfing

ÁRSSKÝRSLA 2020

EFNISYFIRLIT

Ársskýrsla 2020	1
INNGANGUR	2
Stjórn	2
Fjármögnun	2
Húsnæðismál	2
Umhverfismál	3
Sjálfseignarstofnun	3
Gæðavottun EQM	3
Framhaldsfræðsluaðili	3
ÞJÓNUSTUSAMNINGAR	4
VIRK starfsendurhæfingarsjóður	4
Vinnumálastofnun	4
Heilsugæslan Lágmúla	4
Advania	4
ERLENT SAMSTARF	5
Nordisk Netværk for voksnes læring	5
„Establish a Youth Center“	5
UNESCO	5
ÁRANGUR	6
STARFSFÓLK	6
STARFSEMIN	7
Covid-19	7
Námskeið	7
Matsbraut	8
Sérstakur stuðningur við nám	8
Einstaklingsbundin þverfagleg starfsendurhæfing/Nám	8
Stoðþjónusta	9
Félagsráðgjafi	9
Markþjálfari	9
Sálfræðingur	9
Lesblinda og sértækir námsörðugleikar	9
Önnur stoðþjónusta	9
Nemendur	10
Daglegt starf og þjónusta	11
Félagslíf	11
Styrkir	12
Ýmis verkefni	12
NIÐURLAG	13

INNGANGUR

Hringsjá náms- og starfsendurhæfing er ætluð einstaklingum 18 ára og eldri sem hafa verið frá vinnu- markaði eða námi vegna slysa, veikinda, félagslegra erfiðleika eða annarra áfalla. Hringsjá hentar einnig þeim sem eru með litla grunnmenntun eða hafa átt erfitt með að tileinka sér hefðbundið nám. Endurhæfingin felst í einstaklingsmiðuðu námi í formi styttri námskeiða eða einingabæru námi með sérhæfðri ráðgjöf og stuðningi. Markmiðin með náminu og endurhæfingunni eru að einstaklingar fari út á vinnumarkað og/eða í áframhaldandi nám eftir endurhæfingu hjá Hringsjá.

Undirmerkmíðin eru að leggja eða endurnýja almennan þekkingargrunn einstaklinga, að undirbúa einstaklinga fyrir almenn skrifstofu- og þjónustustörf, að efla persónulega færni einstaklinga, að efla félagslega færni einstaklinga, að auka samfélagslega þátttöku og lífsgæði einstaklinga og fjölskyldna þeirra. Meðal markmiða Hringsjár náms- og starfsendurhæfingar er að vera á hverjum tíma leiðandi í því verkefni að endurhæfa og styðja einstaklinga til sjálfstæðis, virkni og þátttöku í samfélaginu.

Hringsjá hefur starfað sem sjálfstæð stofnun frá 6. október árið 1987 og er í eigu Öryrkjabandalags Íslands. Hringsjá hét fyrst Starfsþjálfun fatlaðra, síðan Hringsjá starfsþjálfun fatlaðra, en árið 2006 var nafninu breytt í Hringsjá náms- og starfsendurhæfing.

STJÓRN

Stjórn Hringsjár er skipuð af Öryrkjabandalagi Íslands og var þannig skipuð árið 2019:

Halldór Sævar Guðbergsson, formaður
Lilja Þorgeirsdóttir
Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir
Frimann Sigurnýasson
Þórdís Viborg

Þórdís Viborg starfsmaður Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ) og starfsmaður málefnaheps um atvinnu- og menntamál ÖBÍ tók sæti í stjórn 2020.

Stjórnarfundir á árinu voru 6 talsins, auk þess sem formaður og forstöðumaður sátu ýmsa fundi í tengslum við starfsemi og rekstur Hringsjár. Meðal stærstu verkefna var að tryggja rekstrarlegan fjárhag starfseminnar.

FJÁRMÖGNUN

Hringsjá náms- og starfsendurhæfing er fjármögnuð með sölu á þjónustu. Kaupendur á árinu voru Vinnuálastofnun, Virk starfsendurhæfingarsjóður, Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, önnur sveitarfélög og aðrir samstarfsaðilar.

HÚSNÆÐISMÁL

Húsnæði Hringsjár að Hátúni 10d er 555 fm að stærð og Hringsjá leigir 100 fm af Brynju hússjóði í Hátúni 10. Einnig fer kennsla að hluta til fram í Íþróttahúsi fatlaðra.

BG verktakar sáu um þrif á húsnæðinu í Hátúni 10d, Örtækni sinnti þrifum á húsnæðinu í Hátúni 10 og Brynja hússjóður og Garðlist sinntu umhirðu á lóðinni.

UMHVERFISMÁL

Áhersla er lögð á umhverfisvernd og er allt sorp flokkað. Nemendur Hringsjár geta keypt kort hjá Strætó BS á sömu kjörum og örorkulífeyrisþegar ef þeir eru á endurhæfingarlífeyri. Að auki niðurgreiðir Hringsjá kortið til að hvetja nemendur til að nýta almenningssamgöngur.

SJÁLFSEIGNARSTOFNUN

Stefnt er að því að Hringsjá verði formlega sjálfseignarstofnun sem er ekki í atvinnurekstri á árinu 2021. Sjálfseignarstofnanir sem stunda ekki atvinnurekstur starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá og lúta lögum nr. 19/1988. Eini stofnaðili er Öryrkjabandalag Íslands.

GÆÐAVOTTUN EQM

Evrópska gæðamerkið (European Quality Mark/EQM) er gæðavottun framhaldsfræðsluáðila. Árið 2014 fékk Hringsjá gæðavottun EQM en með vottuninni er staðfest að Hringsjá stenst evrópskar kröfur um gæði fræðslustarfsemi á fullorðinsstigi.

Gæðaúttekt var framkvæmd 6. nóvember 2020. Gunnar Gíslason hjá fyrirtækinu StarfsGæði sá um úttektina og fór hún fram í gegnum samskiptaforritið Zoom. Vottunin gildir í þrjú ár, á þeim tíma á að sinna innra mati og um framkvæmd þess sér náms- og starfsráðgjafi, gæðastjóri og forstöðumaður Hringsjár. Ytra mat (gæðaúttekt) verður aftur framkvæmt eftir þrjú ár af hálfu úttektaraðila á vegum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sem er vottunaraðili EQM á Íslandi.



GÆÐAVOTTUN
FRÆÐSLUÁÐILA

FRAMHALDSFRÆÐSLUÁÐILI

Hringsjá er með viðurkenningu frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem aðili til að annast framhaldsfræðslu á Íslandi. Viðurkenningin byggir á lögum nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Viðurkenningin byggist á mati á aðstöðu til kennslu, skipulagi náms, námskrám, þekkingu, reynslu, fjárhagsmál-efnum, tryggingum og gæðakerfi.

ÞJÓNUSTUSAMNINGAR

VIRK STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

Þjónustusamningur er við **VIRK Starfsendurhæfingarsjóð** um þjónustu á sviði náms- og starfsendurhæfingar; bæði þátttöku á námskeiðum, mati á stöðu og starfsendurhæfingarmöguleikum, einstaklingsbundinni þverfaglegri starfsendurhæfingu og eftirfylgni. Samningurinn gildir um þjónustu fyrir einstaklinga sem eru með heilsubrest og hafa þörf fyrir atvinnutengda starfsendurhæfingu. Samningur um þjónustu á sviði starfsendurhæfingar var undirritaður 7. febrúar 2019 og var hann framlengdur tímabundið til 1. júní 2021.



VINNUMÁLASTOFNUN

Samningur á sviði vinnumarkaðsúrræða, sér í lagi á sviði starfsendurhæfingar var gerður 31. október 2014. Núgildandi samningur er byggður á þeim samningi. Núgildandi samningur var undirritaður í janúar 2020 og gildir til 31. desember 2021.



Samningurinn nær til einstaklinga sem metnir eru í þörf fyrir atvinnutengda endurhæfingu skv. lögum nr. 112/2008 um sjúkratryggingar, nr. 100/2007 um almannatryggingar, lögum nr. 59/1992 um málefni fólks með fötlun eða lögum nr. 55/2006 um vinnumarkaðsaðgerðir.

HEILSUGÆSLAN LÁGMÚLA

Við upphaf náms- og starfsendurhæfingar í Hringsjá undirrita allir nemendur samstarfssaming þar sem þeir skuldbinda sig að hlíta ákveðnum reglum á meðan á náminu stendur. Hringsjá er reyklaust og vímuefnalaust hús. Nemandi heimilar vímuefnaskimun ef forstöðumaður fer fram á það. Samstarfssamningur er við Heilsugæsluna Lágmúla um framkvæmd hennar.

Heilsugæslan Lágmúla

ADVANIA

Þjónustusamningur er í gildi við Advania um aðgang að Innu og tengdum kerfum. Kerfið felur m.a. í sér umsóknarkerfi, nemendabókhald, stundatöflugerð, kennslukerfi, námsskrár, heldur utan um samskipti nemenda og kennara, kennslumat, skýrslugerð, útskrift og tengingu við bókhald. Kerfið auðveldar öll samskipti og með innleiðingu þess er komin tenging við kerfi framhaldsskólanna sem er mjög mikilvæg fyrir starfseminu og nemendum.



ERLENT SAMSTARF

NORDISK NETVÆRK FOR VOKSNES LÆRING

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins tekur þátt í Norrænu tengslaneti um nám fullorðinna. Síðastliðin ár hefur áhersla verið lögð á stafræna færni fullorðinna og kom út skýrsla í byrjun janúar 2020 sem ber yfirskriftina *Basic digital skills for adults in the Nordic countries (Network for Basic skills for Adults, 2020)*. Þar er yfirlit yfir stöðu mála hvað varðar stafræna færni fullorðinna á Norðurlöndunum. Á árinu 2020 var áhersla samstarfsnetsins á tölulæsi þ.e. færni fullorðinna til að nálgast, nota, túlka og tjá sig með tölulegum upplýsingum og staðreyndum. Forstöðumaður Hringsjár er í bakhópi um grunnleikni fullorðinna og situr fundi í tengslum við það.



„ESTABLISH A YOUTH CENTER“

Hringsjá er samstarfsaðili Montana (City of Montana) í Búlgaríu í verkefni um stofnun ungmennaseturs fyrir ungt fólk sem er hvorki í námi eða vinnu í Montana. Framlag Hringsjár felst í miðlun á aðferðum sem gagnast vel þegar unnið er með hóp ungmenna sem tilheyra áhættuhópum. Verkefnið er styrkt af Íslandi, Liechtenstein og Noregi í gegnum EEA og Norway Grants Fund for Youth Employment.



UNESCO

Sérkennari frá Hringsjá var einn af 12 sérfræðingum frá Evrópu sem fengnir voru í viðtal í tengslum við rannsóknina „A Recruitment Strategy For Literacy Programs“ Paving The Way To Better Reach Autochthonous Adult Learners With Low Proficiency In Basic Skills“ sem stjórnad var af UNESCO chair on Adult Education, Vrije Universiteit Brussel í samstarfi við Maastricht University.



ÁRANGUR

Guðrún Hannesdóttir fyrrum forstöðumaður Hringsjár gerði rannsókn á árangri náms- og starfsendurhæfingar Hringsjár sem hluta af meistararitgerð sinni: Til mikils er að vinna: Starfsendurhæfing, stefna og leiðir til virkni og þátttöku í samfélaginu (2009). Anna Sigríður Einarsdóttir (2013) gerði sambærilega rannsókn í MA ritgerð sinni; Árangur náms- og starfsendurhæfingar. Tengsl við trú á eigin getu til náms- og starfsákvörðunar.

Til að fá upplýsingar um stöðu einstaklinga sem útskrifaðir hafa verið frá Hringsjá undanfarin ár var leitað samstarfs við kennara í diplómanámi í starfsendurhæfingu um gerð könnunar. Nemendur í diplómanámi í starfsendurhæfingu gerðu könnun á náms- og starfsendurhæfingu hjá Hringsjá á árunum 2012-2019. Verkefnið var unnið í áfanganum Nýsköpun á vettvangi: Fræði og fag við Háskóla Íslands undir leiðsögn dr. Ástu Snorradóttur, lektors við félagsráðgjafadeild H.Í.

Á árunum 2012-2019 útskrifuðust 256 manns eftir 3ja anna nám frá Hringsjá, 174 konur og 82 karlar. Alls svöruðu 76 einstaklingar könnuninni, 54 konur og 22 karlar. Ekki var marktækur munur á svarhlutfalli kynjanna. Miðað við fyrri kannanir hefur þátttakendum í yngsta aldurshópnum 18-24 ára fjölgað úr 4% í 28%. Einnig fjölgaði þeim sem eingöngu voru með grunnskólapróf úr 37% í um 48%. Alls eru 59% í fullri vinnu eða hlutastarfi á móti 33% í fyrri könnunum. Flestir eða 76% svarenda höfðu stundað nám af einhverju tagi, allt frá námskeiðum til háskólanáms eftir að starfsendurhæfingu lauk. Alls eru 27% í námi núna. Þannig að hlutfall svarenda sem eru í námi eða starfi að hluta til eða að fullu er 86%.

Helstu niðurstöður eru að meðalaldur þátttakenda er lægri en áður, fleiri eru eingöngu með grunnskólapróf við upphaf starfsendurhæfingar, fleiri skila sér út á vinnumarkað og þátttakendur eru duglegir að bæta við sig þekkingu í formi náms eða námskeiða að lokinni starfsendurhæfingu hjá Hringsjá. Þessi könnun sýnir að náms- og starfsendurhæfing Hringsjár skilar árangri fyrir þátttakendur bæði hvað varðar betri líðan og atvinnuþátttöku. Við gerð þessa verkefnis kom í ljós að samspil umhverfis, starfsfólks og úrræða Hringsjár skilar sér í góðum árangri flestra þátttakenda og í sumum tilfellum taka sumir alveg nýja stefnu í lífinu.

STARFSFÓLK

Eftirfarandi einstaklingar störfuðu hjá Hringsjá á árinu 2020 í 14,20 stöðugildum og sinntu eftirfarandi verkefnum:

- Adolf Hólm Petersen, félagsfræði - stundakennari
- Anna Sigríður Einarsdóttir, náms- og starfsráðgjafi
- Ásta Fanney Reynisdóttir, aðstoðaritari
- Gígja Baldursdóttir, Davis ráðgjafi, gæðastjórnun, myndlist og sértæk námsaðstoð
- Guðný Jónsdóttir, íslenska, sérkennsla
- Guðrún Aldís Jóhannsdóttir, bókfærsla – stundakennari
- Guðrún Helga Sigurðardóttir, íslenska, sérkennsla
- Gunnar Möller, upplýsinga- og tölvutækni og rekstur upplýsingakerfis Hringsjár
- Halldór Örn Þorsteinsson, stærðfræði, bókfærsla, fjármál, stuðningskennsla
- Helga Eysteinsdóttir, forstöðumaður
- Jón Baldvin Georgsson, upplýsinga- og tölvutækni og rekstur upplýsingakerfis Hringsjár
- Katrín Vignisdóttir, náms- og starfsráðgjafi
- Kristín Friðriksdóttir, félagsráðgjafi og fjölshylduráðgjafi
- Linda Björk Sigurðardóttir, íslenska

- Magnús Ingimundarson, enska - stundakennari
- Sigríður Jónsdóttir, ráðgjafi og markþjálfari
- Svala Arnardóttir, viðurkenndur bókari
- Unnur Héðinsdóttir, sálfræði – stundakennari
- Unnur Vilhjálmsdóttir, ritari
- Valgerður Jóna Valgarðsdóttir, ritari og umsjón með námskeiðum

Eftirfarandi einstaklingar störfuðu við Hringsjá í verktöku við ýmis verkefni:

- Brynja Valdís Gísladóttir, leiklist
- Elsa Bára Traustadóttir, sálfræðingur
- Emil Barja, íþróttfræðingur
- Helga Arnardóttir, MSc. í félags- og heilsusálfræði
- Jóhanna Kristín Snævarsdóttir, sérkennari
- Sigurður Friðriksson, kennari í upplýsingatækni

Starfsmannafundir voru haldnir vikulega. Starfsmenn tóku auk þess þátt í ýmsum ráðstefnum, fundum og fyrirlestrum; m.a. aðalfundi ÖBÍ, ársfundum VIRK, námskeiðum á vegum BHM og Endurmenntun HÍ. Auk þess tóku starfsmenn þátt í Landskeppni í hreyfingu: Lífshlaupið í febrúar og hafnaði liðið í 6. sæti. Starfsmenn tóku einnig þátt í ýmsum öðrum uppákomum sem voru til þess fallnar að efla hópinn og starfsánægju. Mikil áhersla er lögð á að Hringsjá sé góður vinnustaður og að til staðar séu tækifæri til þróunar í starfi og lífi. Það á við bæði um allt starfsfólk sem og notendur þjónustunnar.

Tveir starfsmenn Jón Baldvin og Ásta Fanney luku starfsævi sinni á árinu og óskum við þeim vel-
farnaðar.

STARFSEMIN

COVID-19

Samkomubann vegna Covid-19 tók gildi 16. mars 2020 en þá var öllum skólum á fullorðinsstigi lokað og kennsla sett í fjarnám. Skólastarfið var alfarið í fjarnámi til 4. maí en eftir það hefur það verið blanda af stað- og fjarnámi eftir fjöldatakmörkunum hverju sinni. Starfsmenn fengu kennslu á fjarskiptaforritin Teams og Zoom til undirbúnings fyrir breyttan veruleika. Ákveðið var að nota forritið Teams fyrir 3ja anna námið og Zoom fyrir styttri námskeiðin. Á haustönn 2020 var önninni skipt í tvær lotur til að nemendur væru í færri fögum hverju sinni en það reyndist mörgum erfitt að vera í fjarnámi í 6-7 fögum vorið áður. Aukið var við sérkennslu til að koma til móts við nemendur í fjarnámi.

Margir nemendur áttu ekki tölvur og áttu í erfiðleikum með að sinna fjarnáminu. Leitað var til Fjölsmiðjunnar og gáfu þeir Hringsjá fjórar borðtölvur sem nemendur fengu gefins sem höfðu ekki tök á að kaupa sjálfir tölvu. Við þökkum Fjölsmiðjunni kærlega fyrir höfðinglega gjöf. Hringsjá fjárfesti í fimm Chrome tölvum sem voru seldar nemendum á kostnaðarverði og voru það nemendur sem ekki eru með greiðslukort og hafa ekki lánstraust til að gera greiðslusamninga. Þeir nemendur hafa allir staðið við greiðslusamninginn sem þeir gerðu við Hringsjá.

NÁMSKEIÐ

Haldin voru námskeið á árinu 2020, 14 námskeið á vorönn og 17 á haustönn. Alls voru ráðgerð 18 námskeið á vorönn en vegna fjöldatakmarkana varð að fella 4 námskeið niður. Á haustönn voru 7 námskeið af 17 kennd á Zoom. Í boði er fjölbreytt úrval námskeiða sem kennd eru bæði fyrir hádegi og eftir hádegi. Boðið er upp á Tölvunámskeið, Bókhaldsnámskeið og sjálfsstyrkingarnámskeið af ýmsu tagi eins og t.d. Úr frestun í framkvæmd, Jákvæð sálfræði, Styrkleikar og núvitund o.fl.

MATSBRAUT

Matsbraut hefur verið í boði frá árinu 2016. Matsbraut hentar vel þeim sem eru að íhuga að fara í námið hjá Hringsjá og er ætluð til að meta raunhæfi þess að hefja markvissa starfsendurhæfingu. Á matsbraut er boðið upp á einstaklingsbundin úrræði í samræmi við þarfir hvers einstaklings sem sækir brautina. Innifalið eru viðtöl við ráðgjafa, markþjálfun, einkakennsla og/eða sérkennsla í ákveðnum námsgreinum og námskeið. Brautin er 1-2 mánuðir.

SÉRSTAKUR STUÐNINGUR VIÐ NÁM

Hringsjá býður upp á stuðning við einstaklinga með skerta starfsgetu sem eru að undirbúa sig fyrir nám í öðrum skóla en Hringsjá eða þurfa stuðning við nám annarsstaðar. Á árinu 2020 voru nemendur í námi í Háskóla Íslands, Borgarholtsskóla og Tækniskólanum í sérstökum stuðningi hjá Hringsjá. Stuðningur hefur m.a. falist í námsaðstöðu, stuðningi sérkennara, stuðningi myndlistarkennara vegna portfolio-vinnu, náms- og starfsráðgjafa varðandi tímaskipulagningu, tölvukennslu og stærðfræði svo nokkur dæmi séu nefnd. Stuðningurinn er aðlagðar að þörfum hvers einstaklings og er í 1-5 mánuði.

EINSTAKLINGSBUNDIN ÞVERFAGLEG STARFSENDURHÆFING/NÁM

Nemendur eru teknir inn tvisvar á ári, í janúar og ágúst. Námið tekur að jafnaði þrjár annir. Það er kennt í 4-8 kennslustundir á dag, fimm daga vikunnar. Kennt er í litlum hópum og námið einstaklingsmiðað. Flestir nemendur hlutu einstaklingsaðstoð á árinu. Góð samvinna var við framhaldsskóla varðandi námsmat nemenda sem fóru í frekara nám eftir útskrift frá Hringsjá. Áfram var aukin áhersla lögð á að nemendur fari vel undirbúnir út í frekara nám eða atvinnuþátttöku.

Nemendur sem útskrifaðir voru í maí voru 19 talsins. Við útskriftarathöfn sá Svavar Knútur um tónlistarflutning og forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson flutti hátíðarávarp.

Útskrifaðir nemendur í desember voru 9 talsins. Þegar útskriftin var í desember voru fjöldatakmörk með þeim hætti að ekki var hægt að hafa tónlistaratriði. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson flutti ávarp.



Við útskrift fá útskriftarnemendur gjöf sem ætluð er að minna á þá sigra sem unnist hafa, gleðja og hvetja áfram til frekari sigra. Útskriftargjöf til útskriftarnema á árinu var Fjörfugl sem er eftir Laufeyju Jensdóttur myndlistarmann.

STOÐÞJÓNUSTA

Öllum nemendum og þátttakendum á námskeiðum býðst **ÞJÓNUSTA NÁMS- OG STARFS-RÁÐGJAFI**. Einstaklingar sem eru að kynna sér Hringsjá og sækja um nám/námskeið m.t.t. endurhæfingar og stundum aðstandendur eða stuðningsaðilar þeirra leita einnig til náms- og starfsráðgjafa.

FÉLAGSRÁÐGJAFI Hringsjár sér um gerð endurhæfingaráætlana, sér í lagi í tengslum við umsóknir um endurhæfingarlífeyri til Tryggingarstofnunar ríkisins. Félagsráðgjafi sinnir einnig eftirfylgni við útskrifaða nemendur. Þá hefur lengi verið þörf á aðkomu félagsráðgjafa að náms- og starfsendurhæfingu vegna úrlausna við félagsleg verkefni af ýmsum toga sem nemendur glíma við á hverjum tíma.

MARKÞJÁLFI er með regluleg viðtöl við einstaklinga sem eiga erfitt með að uppfylla markmið sín, þurfa stuðning varðandi skipulag m.a. vegna ADHD og/eða þurfa að vinna með meðvirkni.

SÁLFRÆÐINGUR sér um hoptíma og handleiðslu. Samningur er við þrjár sálfræðistofur á höfuðborgarsvæðinu sem sinna einstaklingsviðtölum.

LESBLINDA OG SÉRTÆKIR NÁMSÖRÐUGLEIKAR eru algengir meðal nemenda Hringsjár og margir hafa aldrei fengið greiningu. Nauðsynlegt er að staðfesta og skilgreina vandann til þess að hægt sé að finna og nýta viðeigandi aðferðir og leiðir. **Sérkennari** sér um lesgreiningar og er notast við **LOGOS** greiningarkerfið. Einnig starfar **Davis® ráðgjafi** í Hringsjá sem sinnir þjónustu við lesblinda en einnig er hægt að beita Davis® tækninni á talnablindu, reikniblindu, skrifblindu og einnig athyglisbrest með eða án ofvirkni.


ÖNNUR STOÐÞJÓNUSTA

Frá upphafi Hringsjár hefur verið leitast við að nýta allt það sem að gagni getur komið við nám og kennslu, og að ýta hindrunum úr vegi. Áhersla er lögð á fríðsælt og þægilegt umhverfi. Dæmi um aðrar leiðir til stuðnings og til þess að efla námsframvindu eru:


- **Bara** stuðningspúðar og hálskragar – sem bæta setstöðu, minnka verki í herðum, handleggjum og höndum. Auðvelda einnig fólki að stunda iðju.
- **Hljóðbókasafnið** – allir nemendur Hringsjár geta nýtt sér þjónustu bókasafnsins.
- **Easy Tutor forritið** - sem auðveldar lesblindum nám.
- **Höfuðsett sem útiloka umhverfishljóð** – hjálpa þeim sem eiga erfitt með að halda einbeitingu.
- **Lofthreinsitæki** – sem auðveldar þeim sem eiga við mikið ofnæmi, astma eða mígreni að etja. Einnig þeim sem eru með ný líffæri, þ.e. eru líffæraþegar. Hreinsar loftið, eyðir lykt og drepur bakteríur.
- Pullur, sessur og skemlar eftir þörfum.
- **Stillanleg borð og stólar** – iðjuþjálfari sér um að leiðbeina með val og líkamsbeitingu.

NEMENDUR


Skipting nemenda eftir búsetu, kyni og aldri. Heildarfjöldi í einstaklingsmiðaðri starfsendurhæfingu á árinu 2020 voru 88 manns og var meðalaldurinn 28,9 ár.



Graf 1: Skipting eftir búsetu



Graf 2: Í fyrsta sinn sem kynjahlutfallið er jafnt.



Graf 3: Aldursdreifing. Enginn var á aldrinum 46-50 ára. Elsti nemandinn var 59 ára og sá yngsti 18 ára.

DAGLEGT STARF OG ÞJÓNUSTA

Haldið var áfram að auka tækifæri nemenda til að njóta lista og menningarlífs, bæði með heimsóknnum og einnig var fjölmörgu listafólki boðið heim. Ásamt því að veita alhliða náms- og starfsendurhæfingu var aukin áhersla á náms- og starfsfræðslu og tengingu við atvinnulífið. Góð samvinna var við Hjálparstofnun kirkjunnar, Mæðrastyrksnefnd og Fjölskylduhjálpi Íslands vegna matvæla-, lyfja- og annarrar aðstoðar við nemendur. Gott samstarf var við fjöldann allan af stofnunum og sérfræðingum á heilbrigðis- og velferðarsviði svo og vinnumála- og menntakerfi landsins.

FÉLAGSLÍF

Félagslíf nemenda var með hefðbundnum hætti og eftirfarandi upptakur og atburðir áttu sér stað á árinu:

- Árshátíð
- Blái dagurinn – vitundar og styrktaráttak fyrir einhverf börn
- Bleiki dagurinn – samstaða gegn krabbameinum hjá konum
- Dagur íslenskrar tungu
- Hringsvar, spurningarkeppni nemenda
- Myndlistarsýningar nemenda
- Tyllidagar – 3 kennsludagar með óhefðbundinni kennslu
- Þemadagar

Fjöldi listamanna og sérfræðinga lagði sitt af mörkum við þessa atburði m.a.:

- Anna Steinsen
- Þorsteinn V. Einarsson
- Sölvi Tryggvason
- Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir
- Pálmar Ragnarsson
- Hjálmar Örn

Flestir þeirra sem að ofan eru taldir gáfu vinnu sína eða seldu hana á lágu verði. Þá komu margir fyrri nemendur einnig töluvert við sögu og hittu m.a. nýnema. Nemendum gafst því miður ekki tækifæri á að sækja aðra skóla, vinnustaði, söfn og sýningar eins og venjan er vegna Covid-19.

STYRKIR

Hringsjá fékk styrk frá ÖBÍ til að kaupa tölvubúnað til að bregðast við vegna Covid-19 og til að bæta vinnuástöðu kennara og salerni fyrir nemendur og starfsmenn að upphæð kr. 10.900.000.

Hringsjá fékk gefins 4 borðtölvur frá Fjölsmiðjunni til að gefa nemendum sem ekki eiga tölvur til að auðvelda þeim að sinna fjarnámi.

Fyrrum nemandi Hringsjár, Hrefna Hlökkversdóttir tók þátt í Reykjavíkummarþoni Íslandsbanka og safnaði áheitum til styrktar Hringsjár. Alls söfnaðust kr. 70.249 og var styrkurinn notaður til að kaupa skjáhalda í tölvukennslustofuna.

Við þökkum ÖBÍ, Fjölsmiðjunni og Hrefnu kærlega fyrir þeirra stuðning.

ÝMIS VERKEFNI

Það er nokkur eftirspurn um starfsþjálfun hjá Hringsjá, ekki hvað síst frá nemendum í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands.

Eins og undanfarin ár aðstoðuðu náms- og starfsráðgjafi, félagsráðgjafi og forstöðumaður nemendur við að sækja um ýmsa styrki, m.a. frá Menntunarsjóði Mæðrastyrksnefndar, Menntunarsjóði Sigríðar Jónsdóttur, Menningar- og minningarsjóði kvenna, Bandalagi kvenna í Reykjavík o.fl.

Skólinn endurnýjaði áskrift að Microsoft hugbúnaði enda er sá hugbúnaður í notkun á flestum vinnu- stöðum og nánast öllum skólum landsins og mikilvægt að nemendur frá Hringsjá geti nýtt sér hann til náms eða starfa. Áfram var unnið að því að þróa umsækjenda- og nemendagagnagrunninn okkar, Námuna.

Í tengslum við kennslu í tölvubókhaldi hefur Hringsjá samið við DK Hugbúnað um fjaraðgang að dk bókhaldskerfinu á mjög góðum kjörum.

Heimasíðu Hringsjár (hringsja.is) var áfram haldið úti og umsjónarmaður síðunnar var **Jón Baldvin Georgsson** en nú hefur **Gunnar Möller** tekið við þeirri umsjón. Síðan er vistuð hjá Internetþjónustuaðila Hringsjár, Símanum. Þá er Hringsjá með síðu á Facebook þar sem hægt er að fylgjast með daglegu starfi og umsjónarmaður þeirrar síðu er **Gígja Baldursdóttir**.

NIÐURLAG

Starfsárið 2020 var árangursríkt í marga staði og þurfti oft að bregðast við breyttum aðstæðum í samfélaginu vegna Covid-19. Tekist var á við fleiri verkefni og farsælu samstarfi haldið áfram við helstu samstarfsaðila. **Öryrkjabandalag Íslands** stóð eins og endranær við bakið á starfseminni og veitti dyggan stuðning.

Á árinu 2021 verður áfram unnið að því að tryggja fjárhagslegan sem og faglegan grunn Hringsjár ásamt því að efla þjónustu, árangur og gæði starfseminnar. Hluti af þeirri vinnu er að fara í stefnumótun og gera úttekt á starfsemi Hringsjár. Á árinu mun Hringsjá áfram hafa það að markmiði að bjóða fjölbreytta og þverfaglega starfsendurhæfingu með auknum tengslum atvinnulífs og skóla.

Reykjavík, 10. maí 2021



Helga Eysteinsdóttir, forstöðumaður Hringsjár